



## Akraneskaupstaður

### Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Akranesi, 26. apríl 2024

2403147 HB/HMA

### Efni : Framleiðsla rafeldsneytis á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit, nr 284/2024. Kynning umhverfismatsskýrslu.

Akraneskaupstaður barst umsagnarbeiðni um matsáætlun vegna byggingar á rafeldsneytisverksmiðju á landi Katanes í Hvalfjarðarsveit.

Akraneskaupstaður er vaxandi bæjarfélag með um 8300 íbúa. Samkvæmt mælaborði Byggðastofnunar eru um 20% atvinnutekna íbúa af framleiðslu án fiskvinnslu. Að lang stærstum hluta koma þær tekjur af atvinnu sem tengist starfsemi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Til viðbótar er síðan veruleg sala á ýmiskonar vöru og þjónustu sem skapar atvinnu. Á Akranesi er staðsett margskonar grunnþjónusta sem bæði þjónustar íbúa og þá starfsemi sem er á Grundartangasvæðinu. Nefna má í því sambandi rekstur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Fjölbrotaskóla Vesturlands og margskonar aðra starfsemi. Akraneskaupstaður hefur í öðrum umsögnum um matsáætlanir lagt áherslu á að meta þurfi áhrif framkvæmda á ýmsa félagslega og efnahagslega þætti á áhrifsvæði uppbyggingar. Byggingu á þeirri verksmiðju sem hér um ræðir þarf m.a. að meta út frá slíkum þáttum, svo sem áhrifum á vinnumarkað og framboð starfa, hvernig störf verða í boði, um menntunar og þekkingarkröfur og hvort starfsemin henti fjölbreyttum hópum fólks.

Bæjarstjórn Akraness leggur áherslu á að fjallað verði um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif uppbyggingar verksmiðjunnar fyrir íbúa á Akranesi.

Framboð á raforku og iðnaðarstarfsemi sem byggir á henni er þýðingarmikill þáttur fyrir íbúa Akraness. Því hefur bæjarstjórn eðlilega látið sig umræðu um stöðu raforkumála varða.

Eftirfarandi ályktun var gerð á fundi bæjarstjórnar 23. janúar sl.

*Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur alvarlegar áhyggjur af stöðu raforkumála og þeirri stöðu sem frekari orkuöflun er í. Staðreyndin er að þegar eru skerðingar á orku, og skortur á orku farin að hafa áhrif á fyrirtæki sem veita hundruðum íbúa Akraness atvinnu og setur störf þeirra og lífsafkomu í hættu.*

ETB  
RBO  
USF



## Akraneskaupstaður

*Um 20% af heildaratvinnutekjum íbúa Akraness koma til vegna framleiðslu fyrirtækja á Grundartanga, Norðuráls og Elkem og skortur á raforku, til skemmri eða lengri tíma, hefur bein áhrif á afkomu íbúa og sveitarfélagsins. Núverandi ástand og horfur geta leitt til tapaðra starfa og minnkandi verðmæta sem leiða af sér samdrátt og lakari lífskjör.*

*Akraneskaupstaður skorar á stjórnvöld að leita nú allra leiða til að styðja við frekari orkuöflun og hraða uppbyggingu á virkjunum og endurbótum á flutningskerfi raforku.*

Í matsáætlun þarf að greina þá kosti sem í boði eru um orkuöflun og áhrif á raforkumarkað sem og áhrif á núverandi starfsemi á svæðinu, samanber framangreinda ályktun bæjarstjórnar Akraness.

Bæjarstjórn Akraness telur að almennt mat á umhverfisáhrifum þurfi að veita svör um eftirfarandi þætti:

- Þó Grundartangasvæðið búi við sterka og góða innviði eru þeir samt ekki óþrjótandi. Vatn og aðgengi að því er einn þeirra þátta sem fjalla verður ítarlega um í umhverfismati. Í áætluninni er vatnsnotkun áætluð tæplega 80 ltr/sek, meta þarf hvaða áhrif slík notkun hefur á heildarvatnsbúskap með tilliti til framtíðaruppbyggingar byggðar og atvinnulífs á svæðinu.
- Óhjákvæmilegt er að matsáætlun reyni að varpa ljósi á hvaða orkumiðlar verði helst fyrir valinu í orkuskiptum. Orkustefna stjórnvalda gerir ráð fyrir að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti 2050. Hröð þróun og tækniframfarir í orkulausnum er forsenda þess að slíkt markmið náist á næstu 25 árum. Ekki er fyllilega ljóst á þessum tíma hvaða orkumiðlar verði þar ríkjandi í stað olíu. Umfjöllun um horfur í þeim efnum geta skipt máli fyrir ákvörðun um framkvæmdir og samfélagsleg áhrif hennar.
- Þar sem byggð á Akranesi er á "áhrifasvæði" verksmiðjunnar, hvort sem horft til starfsemi verksmiðjunnar sjálfar eða tengdrar starfsemi, er mikilvægt að gera skýra grein fyrir mögulegum áhættuþáttum við gerð umhverfismatsskýrslu.
- Við gerð umhverfismatsskýrslu er mikilvægt að taka sérstaklega utan um áhrif frá umræðu sem líklegt er að spretti upp á undirbúnings-, byggingar- og starfstíma verksmiðjunnar. Slík umræða getur verið þvælin og því ekki einfalt fyrir almenning að skilja raunverulega áhættu af starfsemi slíkrar verksmiðju.
- Miðað við núverandi áhættumat svæðisins og þá auknu áhættu sem fylgir verksmiðjunni er einsýnt að tryggja þarf fullnægjandi þátttöku fyrirtækisins að frekari

ETS  
RBU



## Akraneskaupstaður

innviðaupbyggingu varðandi neyðarviðragð opinberra viðbragðsaðila m.a. samkvæmt lögum nr. 75/2000 um brunavarnir.

Bæjarstjórn Akraness fagnar metnaðarfullum áformum um aukna fjölbreytni í iðnframleiðslu og fjölgun starfa á svæðinu þó vissulega þurfi að gæta vel að fjölmörgum atriðum sbr. framangreinda punkta.

Akranesi, 26. apríl 2024

F.h. bæjarstjórnar Akraness

*Einar Brandsson*

Einar Brandsson bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs

*Valgarður L. Jónsson*

Valgarður L. Jónsson, bæjarfulltrúi og varaformaður bæjarráðs

*Ragnar B. Sæmundsson*

Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi og aðalmaður í bæjarráði